

197. fundur hafnarstjórnar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 27. mars 2018 og
hófst hann kl. 12:00.

Fundinn sátu:

Kristján Andri Guðjónsson formaður, Jóna Benediksdóttir varaformaður, Sigurður Jóhann Hafberg aðalmaður, Daníel Jakobsson aðalmaður, Hafdís Gunnarsdóttir aðalmaður og Marzellíus Sveinbjörnsson áheyrnarfulltrúi.

Embættismenn:

Guðmundur M Kristjánsson, hafnarstjóri og Hálfán Bjarki Hálfánsson, upplýsingafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Hálfán Bjarki Hálfánsson, upplýsingafulltrúi.

Dagskrá:

Haukur Sigurðsson kom til fundar klukkan 12.00.

1. Ísafjarðarappið - umsókn um styrk - 2018010064

Á 1002. fundi bæjarráðs 22. janúar sl. var lögð fram styrkbeiðni Hauks Sigurðssonar, er barst með tölvupósti 16. janúar sl., þar sem óskað er eftir styrk að fjárhæð kr. 1.000.000, fyrir "Ísafjarðarappið", smáforrit fyrir snjallsíma með fræðslu fyrir ferðamenn um fólk, menningu og sögu Ísafjarðar.

Á 1003. fundi bæjarráðs, 29. janúar sl., var tekið jákvætt í erindið og hafnarstjórn falið að sjá um afgreiðslu þess.

Haukur Sigurðsson mætir til fundar við hafnarstjórn og greinir frá hugmynd sinni.

Hafnarstjórn hefur ekki yfir að ráða styrkjum til verkefna sem þessara og bendir á að Ísafjarðarbær leggur fé til atvinnumála bæði í gegnum atvinnu- og menningarmálanefnd og í gegnum Uppbyggingarsjóð Vestfjarða. Erindinu er því hafnað, þó áhugavert sé.

Haukur Sigurðsson yfirgaf fundinn klukkan 12.12.

2. Ársreikningur hafnarsjóðs 2017. - 2017030024

Kynnt drög að ársreikningi hafnarsjóðs fyrir árið 2017.

Lagt fram til kynningar.

3. Komur skemmtiferðaskipa - ýmis mál 2018-2019 - 2018030094

Lagt fram minnisblað hafnarstjóra, dagsett 22. mars sl., varðandi upplýsingarit, kolefnisjöfnun og upplýsingabás vegna komu skemmtiferðaskipa.

Lagt fram til kynningar. Hafnarstjórn tekur jákvætt í hugmyndir hafnarstjóra og felur honum að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

4. Hafnasamband Íslands - Ýmis erindi og fundargerðir 2017-1018 - 2017020060

Fundargerðir 400. og 401. fundar stjórnar hafnasambands Íslands frá 22. janúar og 26. febrúar sl.

Lagt fram til kynningar.

5. Móttaka ferðamanna í Ísafjarðarkirkju - 2018030075

Lagt fram minnisblað Hálfðáns Bjarka Hálfðánssonar upplýsingafulltrúa um mögulegt stöðugildi vegna vöktunar og þrifa á Ísafjarðarkirkju yfir sumartímann.

Hafnarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur hafnarstjóra og upplýsingafulltrúa að vinna málið áfram.

6. Mávagarður - viðlegustöpull - 2016120059

Umræður um viðlegustöpul við Mávagarð.

Hafnarstjóri gerði grein fyrir stöðu mála og upplýsti að verklok samkvæmt samningi verða fyrir 1. júní.

Baldur Ingi Jónasson, mannauðsstjóri Ísafjarðarbæjar, kom til fundar klukkan 12.58.

7. Ísafjarðarhöfn - starfsmannamál - 2017030024

Starfsmannamál.

Rætt um starfsmannamál á Ísafjarðarhöfn.

Baldur Ingi Jónasson yfirgaf fundinn klukkan 13.08.

8. Umsókn um stöðuleyfi - 2018030018

Skipulags- og mannvirkjanefnd óskaði á fundi sínum nr. 494 eftir afstöðu Hafnarstjórnar vegna eftirfarandi erindis.

Robert Schmidt sækir um stöðuleyfi f.h. Icelandic Pro Fishing, vegna uppsáturs báta fyrir veturinn 2018-2019, einnig er sótt um heimild fyrir aðstöðugám.

Fylgigögn eru tölvupóstur dags. 17.01.2017

Ódagsettur uppdráttur frá tæknideild og ljósmyndir.

Hafnarstjórn gerir ekki athugasemd við umsóknina.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:10

Kristján Andri Guðjónsson

Jóna Benediktsdóttir

Sigurður Jóhann Hafberg

Daníel Jakobsson

Hafdís Gunnarsdóttir

Marzellíus Sveinbjörnsson

Guðmundur M Kristjánsson

Hálfván Bjarki Hálfvánsson